



Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
IS 150 Reykjavík

Gunnarsholti 30.09. 2015  
GSt


**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.**

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 24. september 2015, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Landgræðslan telur þetta frumvarp, sem reyndar hefur verið flutt áður í alveg eða nær óbreyttri mynd, löngu tímabært, enda ástandi gróðurs og jarðvegs mjög ábótavant og jafnvel alvarlegt á fjölmörgum ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum.

Landgræðslan gerir aðeins óverulegar athugasemdir við frumvarpið og fagnar þeirri langtímahugsun sem fram kemur í frumvarpinu með því að stofna eigi til stefnumarkandi áætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Landgræðslan hefur hins vegar efasemdir um gildistíma áætlunarinnar og telur hann hugsanlega of langan. Færa má rök fyrir því að þær áherslur og þær aðgerðir sem þar á fjalla um hafi í raun lítið raunverulegt gildi svo langt fram í tímann og að nær væri að slík áætlun hefði 5-7 ára gildistíma. Með því móti væri hugsanlega unnt að að einfalda vinnu að þeim málum sem þær áætlanir sem getið er um í lögunum, eiga að fjalla um.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við það frumvarp sem hér er lagt fram.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landgræðslu ríkisins,

  
Guðm. Stefánsson  
sviðsstjóri landverndarsviðs